

# STIGSKIPTUR STUÐNINGUR

## (the gradual release of responsibility)

### Aldurshópur

Öll stig grunnskólans

Pearson og Gallagher komu fyrstir fram með hugmyndina að stigskiptum stuðningi 1983 en hún er í grunninn byggð á hugmyndum rússneska sálfræðingsins Lev Vygotsky um svæði mögulegs þroska (e. zone of proximal development). Stigskipti stuðningurinn grundvallast á skipulagðri tilfærslu ábyrgðar frá kennara yfir á nemanda en tilfærslan getur átt sér stað á einum degi, viku, mánuði eða ári.

Þessi kennslunálgun tryggir nemendum þann stuðning sem þeir þurfa á að halda til að ná þeirri færni sem þeim er ætlað og þjálfar jafnframt sjálfstæði í vinnubrögðum. Í stað þess að kennarinn sé bæði sá sem hefur alla þekkinguna og alla stjórnina þá gefur hann nemendum sínum tækifæri til að vaxa og bera ábyrgð á eigin námi.

Kennari þarf að gefa sér góðan tíma til að ná góðum tókum á nálguninni en sá undirbúningur er sannarlega þess virði til lengri tíma litið. Kennari þarf að gera sér góða grein fyrir getu nemenda sinna og skipuleggja námshópa út frá því. Stigskipti stuðningurinn er í framhaldinu hjálpartæki kennarans í kennslu og með tilkomu hans ættu allir nemendur að fá stuðning við hæfi; mikinn stuðning í fyrstu sem fer minnkandi allt þar til nemandinn hefur náð góðum tókum á færninni.

Stigskiptur stuðningur er alls ekki einskorðaður við ritunarkennslu heldur kennslunálgun sem hægt er að nota í allri kennslu.

